

Menntaskólinn á Akureyri
Haustönn 2011
Franska 603

Undanfari: Franska 503

Námsefni:

La vie devant soi Roman Gary Easy Reader

Bescherelle – L'art de Conjurer

Larousse de Poche 2008

Verkefni frá kennara

Bókmenntir – Tal – Fræðsluefni – Þemaverkefni

Áfangalýsing :

Áhersla er lögð á lestur bókmennta og fræðslu um franska menningu. Nemendur fást við fjölbreyttara og þyngra efni en áður. Ritað, rökrætt og skipst á skoðunum um námsefnið. Þemaverkefni um bókmenntir og/eða menningu. Viðfangsefnið yrði valið í samráði við kennara og eftir áhugasviði nemenda hverju sinni. Einnig kemur til greina samþætting við aðrar greinar t.d. upplýsingatækni. Verkefnaskil geta verið með ýmsu móti.

Þjálfun í hlustun, tali, lestri og ritun sem tengjast ofangreindum viðfangsefnum. Ætlast er til frumkvæðis af hálfu nemanda t.d. við hugmyndasmíð og mikið lagt upp úr sjálfstæði og skipulegum vinnubrögðum nemenda.

Nemendur vinna einnig að sjálfsæðu verkefni í þýðingum sem þeir velja í samráði við kennara.

Áfangamarkmið

Nemandi

- Haldi færni sinni á frönskum framburði og franskri málfræði
- Auki enn orðaforða sinn með notkun orðabókar
- Geti notað þennan orðaforða í nýju samhengi
- Geti tjáð sig munnlega um viðfangsefni sem hann hefur hlustað á eða horft á
- Geti brugðist við upplýsingum sem honum eru veittar
- Geti tileinkað sér efni bókmennta og efni um franska menningarþætti í gegnum kvikmyndir með lestri eða hlustun
- Nýti málfræðikunnáttu sína þegar hann tjáir sig á frönsku
- Vinni sjálfstætt verkefni um ákveðið efni
- Þjálfist í að afla sér fróðleiks um ýmis efni t.d. í gegnum margmiðlun, lestri, hlustun, og í fræðslumyndum
- Æfist í miðla fróðleik meðal samnemenda
- Lesi franska bókmennta- og nytjatexta og geti gert grein fyrir þeim í mæltu eða rituðu máli

- Vinni þemaverkefni m.a. úr franskri menningarsögu, tónlist, stórborgir næturlíf og fl.

Námsmat

Símat – Eftirtalin verkefni verða unnin á önninni. Markmiðið er að nemandi sé sjálfstæður en um leið ábyrgur fyrir vali og vinnu sinni og takist á við fjölbreytt verkefni.

La vie devant	20%	- ritgerð/verkefni/þýðingar
Efni um Frakkland	10%	- skriflegt/munnlegt
Efni um Ísland á frönsku	10%	- skriflegt/munnlegt
Val	10%	- vefsíða, bók, samheitaverkefni
Munnlegt próf	30%	- val nemanda (sjá lista)
Símat	10%	- skil á verkefnum/vinna í tímum sjálfstæði og samvinna
	10%	- verkefni um Francophonie

Að meðaltali skilar nemandi inn einu verkefni á 10 daga fresti

Nemendum ber að skila öllum verkefnum til kennara, þeim sem eru til námsmats, verkefnavinnu og heimavinnu, svo áfanginn fái metinn og nemandi fái einkunn.

Birt með fyrirvara um breytingar á framvindu náms og námsmati og vonum um gott samstarf.

Áskilinn er réttur til breytinga um námsframvindu og námsmat. Með vonum um góða samvinnu. Örn Þór Emilsson D.E.A. THOR@MA.IS

Bláa Lónið

Lygasaga

MA

Skemmtileg bíómynd - Skrifa dóm - kvikmyndavika/hátið

Borg í Frakklandi - draumastaður í Frakklandi

Grindavík

Ísland -

Íþróttir á Íslandi - körfubolti - knattspyrna - handbolti

Matarmenning

Fatahönnun - Coco Chanel

Frönsk tónlist - uppáhaldshljómsveit

Umræður - pour/contre - fóstureyðingar

Ferðasaga

Reykjavík

Leikar/leikkona

Draumaland

Francophonie/frönsk nýlenda

Frægir Frakkar

Gossaga Íslands

Le pape

Paris – Champs Elysée - Les Catabombes